



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Stofnun ársins 2024

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar (Stofnun ársins) var lögð fyrir í nóvember og desember 2024. Reykjavíkurborg tekur nú í þriðja sinn þátt í könnuninni Stofnun ársins sem tók við af viðhorfskönnun meðal starfsfólks sem Reykjavíkurborg hafði framkvæmt í 18 ár.

Markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki til hagsbóta. Könnunin er byggð upp af níu þáttum sem eru; stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Könnunin Stofnun ársins náði til um 35 þúsund þátttakenda og var heildarsvarhlutfall könnunarinnar um 52%. Könnunin náði til 9.412 starfsmanna Reykjavíkurborgar og alls bárust 5.534 svör og var svarhlutfallið því 59% sem er betra en síðustu ár. Í töflunni hér að neðan má sjá svarhlutfall eftir sviðum ásamt samanburði við svarhlutfall í síðustu viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.


Tafla 1. Svarhlutfall

	2024	2023	2022
	Svarhlutfall	Svarhlutfall	Svarhlutfall
Reykjavíkurborg	59%	58%	51%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	72%	70%	71%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	94%	94%	94%
Menningar- og íþróttasvið	74%	74%	63%
Skóla- og frístundasvið	58%	57%	48%
Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg stjórnsýsla)	79%	81%	82%
Umhverfis- og skipulagssvið	57%	55%	49%
Velferðarsvið	53%	55%	51%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	82%	86%	74%





Mynd 1 sýnir heildarmat ásamt einkunnum þátta í samanburði við einkunnir frá því í fyrra. Þátturinn jafnrétti kemur best út og þátturinn launakjör kemur verst út. Hækkun er á öllum þáttum nema þættinum um launakjör frá því í fyrra, en hann lækkar um 0,19 stig. Mesta hækkunin er á þættinum stjórnun en sá þáttur hækkaði um 0,06 stig.



Mynd 1. Meðaltöl allra þátta með samanburði við fyrra ár.

Ef skoðaðar eru spurningar sem mynda þættina hér að ofan þá má sjá á mynd 2 hvaða fimm spurningar eru hæstar og hvaða fimm eru lægstar.


Hæst er spurningin hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt. Næst hæsta spurningin er um það hvort starfsfólk geti leitað til næsta yfirmanns ef á þarf að halda. Næstu þrjár spurningar tilheyra þættinum jafnrétti og eru „Á mínum starfsstað njóta allir jafnræðis óháð t.d. aldri, kyni, uppruna, kynhneigð, eða trúar- eða lífsskoðun“, „Á mínum starfsstað finnst mér starfsfólk fá sömu tækifæri til starfsframa, óháð kyni“ og „Á mínum starfsstað er skýr stefna um jafnrétti kynja“.

Af fimm lægstu spurningunum snúa þrjár að launum, þ.e. ein hvort fólk telji vinnuveitanda greiða svipuð laun og hægt væri að fá á öðrum stöðum, önnur um ánægju með launakjör og sú þriðja um hvort laun séu ákvörðuð af sanngirni. Að auki er spurning sem snýr að hljóðvist eina af lægstu spurningunum sem og spurning um loftgæði.






Hæstu 5



Lægstu 5



Mynd 2. Hæstu og lægstu spurningarnar hjá Reykjavíkurborg.





Í töflu 2 má sjá heildareinkunn þátta eftir sviðum. Grænmerkt þýðir hækkun á milli ára, rauðmerkt lækkun og svört merking þýðir engin breyting milli ára.

Tafla 2. Heildareinkunn þátta eftir sviðum (litakóðað eftir breytingum á milli ára).

	FAS	MOS	MÍR	SFS	RHUS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
Heildareinkunn	3,93	3,95	4,16	4,13	3,91	3,88	4,17	4,14	4,13
Stjórnun	4,16	4,13	4,21	4,37	4,09	4,02	4,34	4,33	4,33
Starfsandi	4,14	4,25	4,29	4,34	4,16	4,12	4,36	4,49	4,33
Launakjör	2,78	3,09	3,27	2,72	3,13	2,82	3,28	3,07	2,92
Vinnuskilyrði	3,57	3,46	3,86	3,69	3,26	3,64	3,81	3,86	3,73
Sveigjanleiki í vinnu	4,42	4,20	4,34	4,18	4,21	4,23	4,24	4,54	4,22
Sjálfstæði í starfi	4,14	4,17	4,27	4,25	4,21	4,12	4,27	4,29	4,25
Ímynd	3,45	3,68	4,28	4,22	3,26	3,33	4,09	3,45	4,11
Ánægja og stolt	4,11	4,09	4,30	4,35	4,19	4,04	4,32	4,36	4,32
Jafnrétti	4,28	4,20	4,41	4,50	4,36	4,26	4,45	4,47	4,47

Tafla 3. sýnir tíu mestu breytingar á spurningum sem mynda heildareinkunnina. Af þeim tíu spurningum sem hafa breyst mest á milli ára þá eru sjö sem hækka og þrjár sem lækka. Fimm spurningar sem hækka snúa að stjórnun, ein að jafnrétti og sú síðasta að ánægju og stolti. Þær spurningar sem lækka snúa allar að launakjörum.

Tafla 3. Tíu mestu breytingar spurninga úr þáttum á milli ára.

Spurningar	Breyting
Ánægja með launakjör.	-0.23
Laun starfsfólks starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni.	-0.21
Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma?	-0.10
Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað sé stjórnað?	0.09
Næsti yfirmaður minn bætir starfsaðstæður þegar þörf er á.	0.08
Á mínum starfsstað/vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga (t.d. hvað varðar aldur, kyn, uppruna, kynhneigð eða trúar- eða lífsskoðun).	0.07
Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils.	0.07
Næsti yfirmaður minn er sanngjarn við starfsfólk.	0.07
Næsti yfirmaður minn hvetur mig til að þróast í starfi.	0.07
Ég er stolt(ur) af starfsstaðnum sem ég starfa hjá.	0.07





Hér að neðan má sjá niðurstöður EKKO spurninga eftir sviðum.

Hefur þú orðið fyrir ofbeldi í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?

FAS	MOS	MÍR	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
0,0%	4,4%	5,1%	5,7%	7,8%	7,0%	14,1%	2,1%	9,0%

Hefur þú orðið fyrir einelti í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?

FAS	MOS	MÍR	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
8,2%	9,1%	8,0%	9,4%	4,4%	8,5%	5,8%	4,3%	5,3%

Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?

FAS	MOS	MÍR	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
3,9%	0,0%	3,6%	5,7%	1,2%	2,6%	4,4%	1,4%	2,3%

Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?

FAS	MOS	MÍR	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
2,0%	0,0%	5,4%	5,7%	1,2%	3,1%	3,5%	1,4%	2,2%

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið



Reykjavík